


FLEKKUDALSA

FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1989

VMST-V/89016X



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild

FLEKKUDALSÁ  
FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1989 VMST-V/89016X



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD**  
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

## 1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá niðurstöðum fiskirannsóknna á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd. Rannsóknir í vatnakerfinu hafa nú árlega farið fram síðan 1986. Sem fyrr er helsta markmið þessara athugana að fylgjast með árgangastyrkleika laxaseiða í ánni og veita ráðgjöf um fiskrækt í vatnakerfinu. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að árgangarnir frá 1986 og 1987 eru rýrir sennilega vegna óf lítillar hrygningar. Árgangurinn frá 1985 hefur hins reynst vera mun öflugri. Af þessum sökum og vegna lítillar laxgengdar í vatnakerfið var sleppt gönguseiðum til fiskiræktar 1987 og 1988 og ennfremur var sumaröldum laxaseiðum sleppt 1988 í sama skyni. Hvað staðhætti og aðferðir við gagnasöfnun varðar er vísað í fyrri skýrslur (Sigurður Már Einarsson 1987 og 1988).

## 2. NIÐURSTÖÐUR.

Í Tunguá var veitt á 3 stöðum eins og árið áður. Ekkert klak fannst í ánni (hrygning 1987), en vart varð við sumaralin sleppiseiði á stöð 1 (Tafla 1). Af eldri seiðum (1+ - 3+) fannst tiltölulega lítið magn. Samanborið við fyrri ár (Tafla 2) var nú minna seiðamagn í Tunguá en áður hefur mælst þó seiðamagn hafi verið svipað þessi ár. Styrkleiki einstakra árganga hefur þó verið misjafn. Árgangurinn frá 1985 stendur upp úr en þeir sem á eftir koma eru rýrir. Sumarið 1989 er von á fyrstu endurheimtum úr þessum árgangi og eru því líkur á að laxgengd í Tunguá verði betri en verið hefur.

Í Flekkudalsá var einnig veitt á 3 stöðum eins og árið áður. Ekkert klak fannst fremur en í Tunguá. Þess ber að geta að mælingar á vörgömlum seiðum eru mjög ónákvæmar þar sem seiðin eru nýlega komin upp úr mölinni er mælingar fara fram og þau lítið farin að dreifa sér og eru einnig afar smá. Styrkleiki þessa árgangs kemur því ekki vel fram fyrr en ári síðar. Þó verður að ætla að þessi árgangur verði ekki sterkur. Eins árs seiði (árgangur 1987) reyndust fleiri en mælst hefur fyrri ár en lítið fannst af eldri seiðum. Samanborið við fyrri ár er sama að segja um Flekkudalsá og Tunguá. Árgangurinn frá 1985 er mun fjölmennari en þeir sem á eftir koma og ætti hans að fara að gæta í veiðinni sumarið 1989.

Í Kjallakstaðaá (stöð 7) var nú mun betra seiðaástand en 1987 og svipað og mældist 1986. Klak fannst þó ekki á þessari stöð en seiðaástand er mun betra en í Tunguá og Flekkudalsá.

Vöxtur seiða í vatnakerfinu kemur fram í Töflu 3 og Mynd 1 þar sem lengdardreifing og aldur seiða á einstökum veiðistöðum kemur fram. Litlar breytingar ná sjá á vexti seiða þau 3 ár sem mælingar hafa staðið yfir enda svipað seiðamælini í ánni þessi ár og árferði verið áþekkt.

### 3. UMRÆÐUR.

Undanfarin ár bendir allt til að nýliðun seiða í vatnakerfi Flekkudalsár sé of lítil og gildir þetta um árgangana frá 1986 - 1988. Árgangurinn frá 1985 er hins vegar mun öflugri og verður forvitnilegt að sjá hvernig hann skilar sér nú í sumar. Þær seiðamælingar sem fara fram á hverju ári eru mjög nauðsynlegar og verða því gagnlegri sem safnað er gögnum yfir lengra tímabil. Nú eru farnir að sjást í veiði þeir seiðaár-gangar sem vitneskja er til um frá seiðamælingunum og fæst þá viðmiðun við þau seiðagögn sem fyrir hendi eru. Sérstaklega verður forvitnilegt að sjá hvernig árgangurinn frá 1985 skilar sér en hans á að fara að gæta í veiði sumarið 1989. Því eru nokkrar líkur á batnandi veiði í Flekkudalsá á komandi sumri.

Áriðandi er að fylgst verði vel með því veiðiuggaklipptir og merktir fiskar veiðist í ánni úr sleppingum gönguseiða 1987 og 1988. Nokkrir merktir fiskar veiddust í ánni sumarið 1988 en engin merki bárust af þessum fiskum. Einn fiskur úr sleppingunni 1987 kom fram í hafbeitarstöð Silfurlax í Hraunfirði.

### 4. TILLOGUR.

1. Hefðbundnar seiðarannsóknir verði gerðar í byrjun ágúst eins og undanfarin ár.

2. Vegna lélegrar nýliðunar undanfarin ár verði smáseiða-sleppingum beint á eftirfarandi fiskgenga hluta í ánum.

Tunguá: 5000 seiði.

Flekkudalsá frá Hallstöðum niður fyrir Svínaskóg: 3000 seiði.

Flekkudalsá frá flúð að ármótum Tunguár: 2000 seiði.

Alls: 100000 seiði.

Seiðunum verði dreift mjög vel þar sem grýttur botn er til staðar.


3. Reynt verði að afla klakfisks í stangveiði ef þess er kostur þannig að stofn árinna verði tiltækur til sleppinga. Aðráttur fari fram eins fljótt um haustið og hægt er ef ekki tekst að ná í klakfisk úr stangveiði.

4. Söfnun hreistursýna hefjist í sumar. Tekið verði hreistur af öllum löxum sem veiðast einu sinni í viku.



5. Öflugt eftirlit með því hvort veiðiuggaklipptir laxar veiðist í ánni fari fram og snoppan tekin af slíkum fiskum vegna lestrar á örmerkjum. Þetta er nauðsynlegt til að merkingar í ána skili tilgangi sínum.

MYND 1:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í vatnakerfi Flekkudalsár þann 4. ágúst 1988.



MYND 1:  
Framhald



TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni yfirferð á 100 m<sup>2</sup>)  
í Tunguá, Flekkudalsá og Kjallakstaðaá þann 4. ágúst 1988.

VEIÐISTADUR	0+	1+	2+	3+	ALLS
TUNGUA					
Stöð 1	2,6*	1,6	0,9	0,7	5,8
Stöð 2	-	1,7	2,2	1,1	5,0
Stöð 3	-	0,8	2,4	3,7	6,9
Meðaltal	0,9*	1,4	1,8	1,6	5,7
FLEKKUDALSA					
Stöð 4	-	5,8	0,5	1,0	7,3
Stöð 5	-	4,0	0,8	1,6	6,4
Stöð 6	-	4,7	1,2	2,6	8,5
Meðaltal	-	4,8	0,8	1,7	7,4
KJALLAKSTADAA					
Stöð 7	-	3,3	9,1	2,5	14,9

TAFLA 2

Meðalþéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni yfirferð á 100 m<sup>2</sup>)  
í Tunguá, Flekkudalsá og Kjallakstaðaá 1986 - 1988.

ÞÉTTLEIKI (EIN YFIRFERÐ Á 100 M <sup>2</sup> )								
SVÆÐI	AR	0+	1+	2+	3+	4+	5+	ALLS
Tunguá	1986	-	5,8	0,5	0,2	0,5	0,2	6,9
	1987	0,1	0,9	7,1	0,2	-	-	8,2
	1988	0,9*	1,8	1,6	-	-	-	5,7
Flekkud.á	1986	-	2,8	1,6	0,4	0,1	0,1	5,0
	1987	0,3	0,6	6,6	0,8	-	-	8,3
	1988	-	4,8	0,8	1,7	-	-	7,4
Kjall.st.	1986	-	1,0	10,1	-	-	-	11,1
	1987	-	1,9	2,5	-	-	-	4,4
	1988	-	3,3	9,1	2,5	-	-	14,9



TAFLA 3

Vöxtur laxaseiða í vatnakerfi Flekkudalsá 4. ágúst 1988.

SVÆÐI	0+			1+			2+			3+		
	ML	SD	N	ML	SD	N	ML	SD	N	ML	SD	N
Tunguá												
Stöð 1	4,4	0,38	15	5,5	0,45	9	7,5	0,30	5	9,4	0,38	4
Stöð 2	-	-	-	4,9	0,25	8	6,9	0,27	10	8,7	0,41	5
Stöð 3	-	-	-	5,3	-	2	7,2	0,38	6	8,3	0,41	9
Flekkudalsá												
Stöð 4	-	-	-	4,9	0,37	23	7,2	-	2	10,3	0,61	4
Stöð 5	-	-	-	5,2	0,34	10	7,0	-	2	8,6	0,45	4
Stöð 6	-	-	-	5,2	0,28	16	7,0	0,39	4	8,4	0,73	9
Kjallakstaðaá												
Stöð 7	-	-	-	4,7	0,51	8	6,4	0,40	22	8,2	0,22	6